

**From:** Guðríður Helgadóttir-FSU  
**Sent:** miðvikudagur, 26. febrúar 2025 14:14  
**To:** Pétur Georg Markan  
**Subject:** Vegna sumardagsins fyrsta

Sæll og blessaður Pétur!

Nú líður óðum að sumardegnum fyrsta og þá er spurningin hvort Hveragerðisbær vilji afhenda umhverfisverðlaun sín eins og venjan hefur verið. Forseti Íslands mun afhenda Garðyrkjuverðlaun ársins og ef þið verðið með mun ég hafa samband við menntamálaráðherra og kanna hvort hún geti verið með okkur líka.

Í fyrra sá Hveragerðisbær um að fá Hjálparsveitina í Hveragerði til að stjórna umferð, eins og hún hefur gert síðustu áratugi. Það er spurning hvort ekki sé hægt að hafa sams konar fyrirkomulag á umferðarstjórnun og var þá, þetta var sérlega vel heppnað í fyrra.

Með bestu vorkveðju  
Gurrý

---